



Húsverndarsjóður kallar eftir umsóknum

Húsverndarsjóður Reykjavíkurborgar auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

1. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum
2. Tímaáætlun
3. Kostnaðaráætlun (með sundurliðun ef um er að ræða marga þætti)
4. Ljósmynd af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmynd ef hún er til

Umsóknir eru eingöngu móttæknar á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á „Mínum síðum“ á www.reykjavik.is.

Opnað verður fyrir umsóknir mánudaginn 19. febrúar nk. kl. 13.00, og lokað mánudaginn 11. mars, kl. 23.59.

Frekari upplýsingar eru veittar af Húsverndarstofu sem er með opinn símatíma á miðvikudögum kl. 15–17 í síma 411 6333. Einnig má senda tölvupóst á husverndarstofa@reykjavik.is.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað verður 2024 og hafa ekki verið nýttir fyrir lok árs 2025 falla niður.



Reykjavík